

## **Þingeyjarsveit – skrifstofustjóri**

Þingeyjarsveit auglýsir laust til umsóknar starf skrifstofustjóra á skrifstofu sveitarfélagsins. Skrifstofustjóri er yfirmaður reikningshalds, stýrir bókhaldsvinnu og er ábyrgur fyrir því að bókhald sé fært samkvæmt gildandi lögum og reglum. Skrifstofustjóri er staðgengill sveitarstjóra. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af stjórnsýslu og fjármálum sveitarfélaga
- Þekking og reynsla af bókhaldi og fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla á sviði mannauðsmála kostur
- Góð tölvukunnátta (Excel, Navision)
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Í boði er spennandi starf fyrir einstakling sem hefur metnað til að sýna árangur í starfi. Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars n.k.

Skriflegar umsóknir berist skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna 650

Laugar eða á netfangið: [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is)



Nú er komið að því!!  
**Kvenfélags Fnjóskdæla**

**Verður haldin í Skógum  
Mánudagskvöldið 7. mars kl. 20:30  
Eigum saman góða kvöldstund og  
ræðum mál líðandi stuna,  
t.d. Vaðlaheiðargöng,  
söngvakeppnina, Ófærð, ásamt  
mörgu fleiru, höfum gaman af því að  
hittast og spjalla.  
Sjáumst hressar.**

**Stjórnin**



**Félagsvist –**

**Ýdalir.**

Nú ætlum við að spila félagsvist þrjú næstu þriðjudagskvöld,  
1. mars, 8. mars og 15. mars að Ýdölum klukkan 20:00.  
Mætum hress og höfum gaman af.  
Allir velkomnir.  
Diddólína.



**Aðalfundur U.M.F. Bjarma 2016**  
verður haldinn í

Gamla Barnaskólanum í Skógum  
**miðvikudagskvöldið 9. mars kl. 20:00.**  
Venjuleg aðalfundarstörf og veitingar  
að hætti stjórnar.

Allir velkomnir!

Stjórnin, Birna, Helen og Jón

## KYNNINGARFUNDUR

Kynningarfundur um veiðirannsóknir í Skjálfandafljóti og áform um virkjunarframkvæmdir ofan Bárðardals verður haldinn í Ljósvetningabúð þriðjudaginn 8. mars 2016, kl. 11:00.

Fundurinn er fyrst og fremst ætlaður félagsmönnum veiðifélaga við Skjálfandafljót og sveitarstjórnarmönnum í Þingeyjarsveit. Aðrir íbúar Þingeyjarsveitar eru einnig velkomnir á fundinn. Kynnt verður skýrsla Veiðimálastofnunar og virkjanaáform.

### Dagskrá

Kl. 11:00 – 11:40. Áform um virkjanir í Skjálfandafljóti ofan Bárðardals.

Kynninguna annast Helgi Jóhannesson verkefnastjóri Landsvirkjunar.

Franz Árnason framkvæmdastjóri Hrafnabjargavirkjunar hf. segir í stuttu máli frá fyrirtækinu og samstarfi þess við Landsvirkjun.

Frummælendur svara fyrirspurnum að kynningu lokinni.

Kl. 11:40- 12:40. Skýrsla Veiðimálastofnunar, Fiskirannsóknir í Skjálfandafljóti 2015 og möguleg áhrif virkjana.

Kynninguna annast Guðni Guðbergsson og Benóný Jónsson fiskifræðingar hjá Veiðimálastofnun.

Frummælendur svara fyrirspurnum að kynningu lokinni.

Þess er óskað, en ekki skilyrði, að þeir sem hyggjast sækja fundinn tilkynni komu sína fyrir 7. mars á netfangið [franz@nett.is](mailto:franz@nett.is) eða í síma 894 4325.

Hrafnabjargavirkjun hf  
Landsvirkjun



## Sundlaugin á Laugum

Við leitum að starfsfólki fyrir sumarið 2016.

Starfið felur m.a. í sér móttöku gesta, afgreiðslu, öryggisgæslu og þrif. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, vera tilbúnir að tileinka sér þætti skyndihjálpar og standast hæfnispróf sundstaða. Starfið reynir á frumkvæði í vinnubrögðum, ábyrgðartilfinningu, lipurð í mannlegum samskiptum, góða athygli og eftirtekt.

***Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2016.***

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 866-9887. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við forstöðumann eða sendið umsókn á netfangið [elinf@ismennt.is](mailto:elinf@ismennt.is)

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu sundlaugar eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar.

## Sundlaugargestir vinsamlegast athugið:

Vegna Tónkvíslar, söngkeppni  
Framhaldsskólans á Laugum, verður  
sundlaugin lokuð næstkomandi  
laugardag, þann 27. febrúar 2016.

## Aðalfundur Kvenfélags Reykdæla

verður haldinn í  
Húsmæðraskólanum á Laugum  
miðvikudaginn 2.mars kl. 20:00.  
Venjuleg aðalfundarstörf.  
Allar konur velkomnar á fund til að kynna sér  
félagsstarfið



### Laus störf á Hótel Eddu Stórutjörnum

Hótel Edda Stórutjörnum óskar eftir að ráða kraftmikið og duglegt starfsfólk til almennra hótellarfa nú í sumar. Starfsreynsla æskileg. Í boði eru fjölbreytt störf s.s. við þrif á herbergjum, í gestamóttöku, í veitingasal, í þvottahúsi, í eldhúsi o.fl.

Hægt er að senda inn umsóknir  
á rafrænu formi á heimasíðu  
Hótel Edda: [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is)

Umsóknarfrestur er til 20. mars n.k.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Björk í síma 846 9010  
Hótel Edda Stórutjörnum

8.tbl.  
26. feb  
2016  
23. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



## FIKKAHÁTÍÐ

ALDARMINNING FRÍÐRIKS JÓNSSONAR FRÁ

HALLDÓRSSTÖÐUM Í REYKJADAL

ÝÐÖLUM 5. MARS OG HEFST KLUKKAN 20

Kórar úr héraði flytja valin lög tónskáldsins.

Arnór Benónýsson stýrir samkomunni og verður með frásagnir úr lífi hans.

Kaffiveitingar

Harmonikuball með tilheyrandi fjöri, barinn opinn.

Miðapantanir þurfa að berast fyrir 26. febrúar, miðaverð 2000 kr. (ath. ekki posi)

Þura í Baldursheimi í síma 8474666 [baldursheimur@gmail.com](mailto:baldursheimur@gmail.com)  
eða

Guðrún í Svartárkoti í síma 8954742 eða [kidagil@thingeyjarsveit.is](mailto:kidagil@thingeyjarsveit.is)

Allir hjartanlega velkomnir

Kirkjukórarnir í Suður Þingeyjarsýslu, Karlakórinn Hreimur,  
Sálubót og Harmonikufélag Þingeyinga.